

Fundargerð 45. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 4. júní 2018 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Hlutverk og verkefni stýrihópsins
2. Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2017
3. Áhersluverkefni landshluta 2018
4. Samráðsvettvangar landshluta
5. Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024
6. Önnur mál
 - a) *Samþætting áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála*
 - b) *Næstu fundir*

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Björn Freyr Björnsson (SRN), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Pórarinn Sólmundarson (MRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson sat einnig fundinn að hluta. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sat upphaf fundarins. Björn Helgi Barkarson (UAR) mætti kl. 14:45.

Í símasambandi: Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR).

Fjarverandi: Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 44. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur skipað nýjan stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, samkvæmt lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Skipunartíminn er frá 1. júní 2018 til 31. maí 2021. Alls skipa 14 fulltrúar hópinn, sex konur og átta karlar. Jöfn skipting er milli fulltrúa sem koma nýir inn í hópinn og þeirra sem fyrir voru, sjö og sjö.

Ráðherra ávarpaði fundinn áður en formleg dagskrá hófst þar sem hann fjallaði meðal annars um byggðaáætlun og mikilvægi stýrihópsins við framkvæmd hennar og eftirfylgd. Eftir að ráðherra yfirgaf fundinn kynntu fundarmenn sig.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Hlutverk og verkefni stýrihópsins

Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið send skipunarbréf sín í stýrihópinn. Þar kemur m.a. fram hvert hlutverk hópsins er og helstu verkefni, sem farið var yfir og rætt. Í skipunarbréfinu eru byggðamál skilgreind og var sú skilgreining jafnframt rædd.

2. Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2017

Stýrihópurinn fékk sent yfirlit yfir töflur vegna greinargerðarinnar í tölvupósti fyrir fundinn. Verkefnisstjóri fór yfir stöðu vinnu við greinargerðina. Rætt var um tímasetningu á útgáfunni og nauðsyn þess að kynna greinargerðina vel, m.a. fyrir þingmönnum. Einnig var bent á ársfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga sem vettvangur fyrir slíka kynningu.

3. Áhersluverkefni landshluta 2018

Verkefnisstjóri fór yfir helstu upplýsingar um áhersluverkefni landshluta árið 2018. M.a. kom fram að þau eru samtals 69 og áætla landshlutasamtökin að leggja til þeirra um 312 m.kr. af sóknaráætlanafjármunum sínum. Fæst eru verkefni fjögur og flest eru þau 14. Rætt var um að þar sem verkefni eiga stoð í sóknaráætlunum landshlutanna væri gott að ræða þau nánar á haustfundum landshlutasamtakanna með stýrihópnum, ekki hvað síst með hliðsjón af því hvernig þau eru að stuðla að framgangi sóknaráætlunar viðkomandi landshluta.

4. Samráðsvettvangur landshluta

Landshlutasamtökum sveitarfélaga hefur gengið erfiðlega að viðhalda virkni samráðsvettvanga sinna. Stýrihópurinn hafði fengið senda tillögu frá ráðgjafarfyrirtæki um hvernig auka mætti virkni þeirra og var hún rædd. Niðurstaðan var sú að þar sem þessi mál eru á ábyrgð landshlutasamtakanna sé það fyrst og fremst í þeirra höndum að bregðast við. Stýrihópurinn mun hins vegar aðstoða eftir megni, verði þess óskað.

5. Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024

Formaður skýrði frá því að tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 sé til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þegar Alþingi hefur samþykkt áætlunina verða unnar verk- og kostnaðaráætlanir fyrir hverja aðgerð.

6. Önnur mál

a) Samþætting áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála

Fulltrúi landshlutasamtakanna spurði út í nefndarálit umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um samþættingu áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála þar sem talað sé um sveitarfélög en ekki landshlutasamtök sveitarfélaga sem samráðsaðila eða álitsgjafa.

b) Næstu fundir

Formaður lagði til að halda fyrra fundiformi, að fundir séu haldnir fjórða mánudag í hverjum mánuði og tímasetningin verði kl. 13:15 í stað kl. 13 eins og verið hefur. Næsti fundur verði því haldinn í ágúst, nánar til tekið mánudaginn 27. ágúst kl. 13:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55